

# Umsögn Útgáfufélags Austurlands (711201-2380) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011, með síðari breytingum (stuðningur við öflun og miðlun fréttu, fréttatengds efnis o.fl.).

*Útgáfufélag Austurlands ehf., sem gefur út vikublaðið Austurpluggann og netmiðilinn Austurfrétt, fagnar tillögum um stuðning við fjölmiðla. Ljóst er að sá stuðningur sem lagður er til myndi skipta rekstur Útgáfufélags Austurlands miklu máli.*

## Almennt um frumvarpið og forsendur þess

Nefnd um rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla skilaði menntamálaráðherra skýrslu í byrjun árs 2018. Í skýrslunni er meðal annars ágætlega farið yfir þau áhrif sem fjölmiðlar víða um heim hafa fundið fyrir með innreið alþjóðlegra stórfyrirtækja í formi efnisveitna og samfélagsmiðla. Þessi áhrif birtast einkum á auglýsingamarkaði sem og í sölu áskrifta til neytenda. Tekjur þessara stórfyrirtækja fara úr landi og ritstjórnarleg ábyrgð þeirra er takmörkuð meðan íslenskir miðlar starfa alfarið innan íslensks regluverks. Eins er fjallað um þessa þróun í greinargerð frumvarpsins. Í ljósi alls þessa er einsýnt að brýn þörf er á að bregðast við og styrkja rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla á Íslandi. Verði það ekki gert má búast við að þeim fækki verulega á næstu árum með óæskilegum áhrifum á samfélagslega umræðu hér á landi og gangverk lýðræðisins.

## Rekstrarstaða staðbundinna miðla hérlendis

Í skýrslu nefndarinnar sem minnst er á hér að framan er bent á að íslenskum fjölmiðlum hafi reynst erfitt að þróa ný tekjumódel eða nýta sér innreið snjalltækja. Þekkt er að að þróunarstarf verður útundan hjá fyrirtækjum í rekstrarþrengingum, líkt og staðbundnir miðlar hérlendis ganga nú almennt í gegnum. Í skýrslunni er farið yfir hallarekstur einkarekinna fjölmiðla sem starfa á landsvísu síðustu ár en bæta má því við að miðað við bráðabirgðatölur er uppsafnað rekstrartap Útgáfufélags Austurlands árin 2015-19 um, eða yfir, fjórar milljónir króna. Það eru háar tölur hjá litlu fyrirtæki sem veltir tæpum 40 milljónum á ári. Tapreksturinn er til staðar þrátt fyrir að útgáfa á vegum fyrirtækisins hafi verið rekin með algjörum lágmarksmannskap undanfarin ár.

Á fundi menntamálaráðherra með forsvarsfólki nokkurra staðbundinna miðla, sem fram fór á Akureyri í mars 2019, kom fram að staðan á fleiri staðbundnum miðlum væri erfið. Vert er að benda á að miðlar eins og til dæmis Sunnlenska fréttablaðið, Eyjafréttir og Bæjarins besta hafa undanfarin ár ýmist horfið af sjónarsviðinu eða gengist undir miklar breytingar til þess að halda útgáfu gangandi. Á fundinum

skýrðu útgefendur fleiri staðbundinna miðla frá því að vart yrði hægt að halda þeirra útgáfu lengi áfram án stuðnings eins og þess sem lagður er til í frumvarpinu.

Í tilfalli Útgáfufélags Austurlands er óhætt að fullyrða að sá tiltölulega hógværi stuðningur sem gera má ráð fyrir að félagið geti notið, verði frumvarpið að lögum, myndi engu að síður skilja á milli feigs og ófeigs í rekstri þess og þannig tryggja framtíð staðbundinnar fjölmiðlunar á Austurlandi.

## Fréttaeyðimerkur

Um lýðræðislegt og menningarleg mikilvægi fjölmiðla er að finna ágæta umfjöllun í fyrrnefndri skýrslu sem og í greinargerð með fyrirliggjandi frumvarpi, þó þar sé ekki sérstaklega vikið að staðbundnum miðlum. Birgir Guðmundsson, dósent við Háskólann á Akureyri, hefur rannsakað íslenska svæðismiðla og birt greinar um hvernig þeir skipta máli til að veita svæðisbundnum stjórnvöldum aðhald, en líka til að ljá íbúum þar rödd og efla sjálfsmynd þeirra. Í þessu samhengi má benda á að hinir landsdekkandi fjölmiðlar, þar með talið RÚV, hafa undanfarinn áratug, eða svo, dregið verulega úr starfssemi sinni á landsbyggðinni.

Í Bandaríkjunum hefur hugtakið „fréttaeyðimörk“ (e. news desert) orðið til yfir svæði þar sem ekki eru lengur starfandi dagblöð eða ritstýrðir fjölmiðlar sem koma reglulega út. Þarlandis hafa hundruð dag- og vikublaða lagt upp laupana á síðustu 20 árum. Columbia Journalism Review ([www.cjr.com](http://www.cjr.com)) er meðal þeirra aðila sem tekið hafa saman kort og upplýsingar um umfang og áhrif þessara eyðimarka. Áhrifin eru meðal annars minna aðhald gagnvart stjórnvöldum og fyrirtækjum, að minnihlutahópum reynist erfiðra að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og samfélagsþátttaka minnkar sem aftur dregur úr þátttöku í lýðræði, svo sem kosningum.

Í þessu ljósi skiptir stuðningur við staðbundna fjölmiðla enn frekar máli til að áþekkar eyðimerkur verði ekki til og stækki ekki hérlendis.

## Einstök atriði frumvarpsins

Almennt teljum við þær kröfur sem gerðar eru til fjölmiðla í frumvarpinu sanngjarnar og fögnum sérstaklega að tekið sé tillit til staðbundinna miðla. Með kröfum um minnst þrjá starfsmenn á ritstjórn á landsmiðlum, eða einn á staðbundnum miðlum, er tryggð mikilvæg fjölbreytni í íslenskri fjölmiðlaflóru.

Sömuleiðis teljum við kröfur um lágmarkshlutfall ritstjórnarefnis mátulegar og eðlilegt að miða við að endurgreiða kostnað við fréttá- og efnisöflun um samfélagsleg málefni. Það er í samræmi við anda frumvarpsins um að fréttamiðlun skipti máli fyrir lýðræðislega umræðu.

Það skilyrði sem helst snýr að minni fjölmiðlum og getur mögulega reynst þeim íþyngjandi er um útgáfutíðni. Austurglugginn hefur komið út 48 sinnum á ári og uppfyllir því skilyrðið. Það gæti þó reynst

einhverjum staðbundnum miðlum erfitt. Í ljósi þess að frumvarpið gerir ráð fyrir því að viðurkenna sérstöðu staðbundinna miðla, með því að miða fjölda stöðugilda á ritstjórn þar við eitt, sé ekki óeðlilegt að krafa til útgáfutíðni staðbundinna miðla taki tillit til þess að viðkomandi starfsmaður eigi rétt á sumarleyfi. Því sé eðlilegt að krafa um útgáfutíðni staðbundinna miðla miði við 4 tölublaði á mánuði í 11 mánuði á ári, samtals 44 tölublöð.

Af sambærilegum ástæðum teljum við nær að miða útgáfu staðbundinna netmiðla við að þeir miðli efni alla virka daga, í stað þess að gera kröfu um daglega miðlun. Erfitt er að gera þá kröfu til fjölmiðils með aðeins einn starfsmann að hann framleiði efni alla daga ársins.

Frumvarpið sjálft snýr ekki að RÚV, en í athugasemdum í aðdraganda þess sem og skýrslu nefndarinnar frá 2018 er vikið að stöðu þess á auglýsingamarkaði og hugmyndum um að það dragi sig þaðan út. Á sama tíma og Útgáfufélag Austurlands varar við of miklum umsvifum opinberra aðila á einkamarkaði, vill félagið nota tækifærið og benda á að fordæmin í skýrslu nefndarinnar benda til þess að brotthvarf ríkisútvarps af auglýsingamarkaði hafi yfirleitt haft þveröfug áhrif miðað við það sem vænst var, það er að dregið hafi úr auglýsingasölu einkaaðila. Því má við bæta að vart verður séð að miðlar Útgáfufélags Austurlands hafi á nokkurn hátt hagnast á því þegar útsendingum svæðisútvarps RÚV á Austurlandi var hætt síðla árs 2008 en RÚV svo gott sem hvarf af austfirskum auglýsingamarkaði við það.

Útgáfufélag Austurlands vill ennfremur benda á atriði sem ekki er komið inn á í frumvarpinu en getur skipti staðbundna miðla miklu máli en það eru póstburðargjöld. Blöð sem seld eru í áskrift, eins og Austurglugginn, þurfa að greiða mun hærra póstburðargjald fyrir hvert eintak en blöð sem send eru í frídreifingu. Þó má ætla að áskriftarblöðin innihaldi hærra hlutfall ritstjórnarefnis, eðlilegt er að neytendur greiði að einhverju leyti fyrir upplýsingar auk þess sem umhverfisáhrifin eru minni þar sem aðeins þeir sem óska eftir blaðinu og hafa hug á að lesa það fá eintak. Með þessari uppsetningu á gjaldskrá Íslandspósts teljum við að verið sé að hygla útgefendum fríblaða á kostnað útgefenda áskriftarblaða.

## Lokaorð

Útgáfufélag Austurlands telur þann stuðning sem boðaður í frumvarpinu geta ráðið úrslitum um framtíð fjölmiðlunar á landsbyggðinni. Fjarað hefur undan staðbundnum miðlum víða um heim og hérlendis virðast þeir standa á krossgötum. Tillögurnar hafa verið lengi í smíðum, þær eru almennt vel rökstuddar og sanngjarnar. Við hvetjum því þingmenn til að samþykkja frumvarpið eins fljótt og kostur er. Fulltrúar félagsins eru tilbúnir til að koma fyrir þær þingnefndir sem um málið fjalla verði þess óskað.

F.h. Útgáfufélags Austurlands

Gunnar Gunnarsson, ritstjóri

Sverrir Mar Albertsson, stjórnarformaður